



Spáum 6,8% verðbólgu í mars

Hagstofan birtir marsmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) þriðjudaginn 29. mars. Hagfræðideild Landsbankans spáir rúmlega 1% hækkun vísitölu milli febrúar og mars. Gangi spáin eftir hækkuð verðbólga úr 6,2% í 6,8%. Við spáum því að þetta verði hámark verðbólgunnar og hún hjaðni hægt á næstu mánuðum. Á móti spáum við því að verðbólga án húsnæðis haldi áfram að hækka á næstu mánuðum og að hún fari hæst í 5,4% í ágúst áður en hún hjaðnar á ný.

Þeir liðir sem vega langmest til hækunar verðlags og þar með í aukinni verðbólgu núna í mars eru föt og skór, íbúðaverð og dæluverð á eldsneyti. Samtals skýra þessir liðir um þrjá fjórðu af heildarhækkun verðlags milli febrúar og mars samkvæmt spánni.

Samkvæmt verðmælingu okkar hækkaði dæluverð um 7,8% í mars. Reynist það rétt væri það mesta hækkun á eldsneytisverði síðan í apríl 2009. Algengt verð á bensínlítranum er nú tæplega 300 krónur og nokkrum krónum lægra fyrir dísellítrann.


Útsölur á fötum og skóm héldu áfram inn í febrúar

Útsölur á fötum og skóm í janúar teygðu sig inn í febrúar og þess vegna koma áhrif vegna útsöluloka að hluta til fram nú í mars en vanalega koma þau að fullu fram í febrúar. Þetta þýðir að hækkun á fötum og skóm er töluvert meiri nú í mars en í meðalári. Við spáum því að föt og skór hækki um 7,5% milli mánaða að þessu sinni.

Íbúðaverð hefur hækkað hratt á síðustu 12 mánuðum og hefur þessi hækkun haft töluvert mikil áhrif á verðbólgu. Verðbólga reyndist 6,2% í febrúar og er framlag húsnæðis til verðbólgu 2,7%, eða um tæplega helmingurinn af heildarhækkun almenns verðlags. Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 2,5% í febrúar. Við áætluðum að íbúðaverð á landinu öllu hafi hækkað um 1,48% og að áhrif vaxtalækkunar húsnæðislána séu neikvæð upp á 0,25%. Samanlagt teljum við að reiknuð húsaleiga hækki því um 1,23% í mars. Litið fram til næstu mánaða

Undirlíður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	14.4%	0.50%	0.07%
Áfengi og tóbak	2.6%	-0.20%	-0.01%
Föt og skór	3.5%	7.56%	0.27%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14.7%	0.46%	0.07%
Reiknuð húsaleiga	17.4%	1.23%	0.21%
Húsgögn og heimilisb.	6.7%	-0.40%	-0.03%
Heilsa	3.5%	0.53%	0.02%
Ferðir og flutningar (annað)	3.7%	0.28%	0.01%
Kaup ökutækja	5.4%	-0.48%	-0.03%
Bensín og díselolía	3.3%	7.80%	0.26%
Flugfargjöld til útlanda	1.4%	8.32%	0.11%
Póstur og sími	1.6%	0.05%	0.00%
Tómst. og menning	9.5%	-0.26%	-0.02%
Menntun	0.6%	-0.12%	0.00%
Hótel og veitingast.	4.7%	0.83%	0.04%
Aðrar vörur og þjónusta	7.1%	0.77%	0.05%
Alls	100%		1.03%

Verðbólguþá með og án húsnæðis



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



gerum við ráð fyrir að það fari að hægja á verðhækkunum á húsnæði.

Áfram mikil verðbólga í sumarbyrjun

Spá okkar til næstu þriggja mánaða er að verðlag hækki áfram á næstu mánuðum. Við spáum 0,6% hækkun verðlags í apríl, 0,3% hækkun í maí og 0,3% hækkun í júní. Gangi spáin eftir hjaðnar verðbólgan mjög hægt og spáum við 6,5% verðbólgu í júní. Mikil óvissa ríkir um þessa spá og má benda á stóra óvissuþætti eins og olíuverð, fasteignaverð og gengi krónunnar. Verðbólga í helstu viðskiptalöndum hefur í sumum tilfellum ekki verið hærri í nokkra áratugi. Hækkandi verðbólga erlendis mun skila sér hingað til lands í meiri verðbólgu á innfluttum vörum. Töluverð óvissa ríkir um hversu miklar hækkanir verða á næstunni og að hversu miklu leyti þær munu koma fram í innlendu verðlagi.

Sviðsmyndir gefa hugmynd um óvissuna í verðbólguþróun næstu mánaða


Við getum teiknað upp sviðsmyndir til að gefa okkur einhverja tilfinningu fyrir verðbólguóvissu næstu mánaða. Ef gert er ráð fyrir að krónan veikist á næstu mánuðum og að evran fari upp í 150 krónur í júní, olíuverð haldi einnig áfram að hækka og fari upp í 130 Bandaríkjadali á fatið og verðhækkanir á fasteignamarkaði haldi áfram á svipaðri braut og verið hefur síðustu 12 mánuði fram í júní, þá fer verðbólga samkvæmt spá okkar upp í 7,3% í júní. Þetta gætum við kallað svarta sviðsmynd. Verði sviðsmyndin bjartari, en í grunnspá, þannig að evran fari aftur niður í 140 krónur í júní, olíuverð fari niður á sama stig og það var að meðaltali í febrúar og verðhækkanir á fasteignamarkaði verði eins og við spáum í grunnspá verður verðbólga 6,3% í júní.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.


Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Verðbólga og framlag húsnæðisverðs



Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguþróun og sviðsmyndir



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans